

22. fundur haldinn að Vonarstræti 4, Reykjavík, 8. nóvember 2000, kl. 10:30 – 15:30

Mættir: Friðjón Þórðarson, Ævar Petersen, Þórólfur Halldórsson, Guðríður Þorvarðardóttir, Jóhannes G. Gíslason, Sigríður Stefánsdóttir, Magnús A. Sigurðsson, Jón Baldur Sigurðsson.

Fundarritari var Sigríður Stefánsdóttir

Formaður setti fundinn á Hótel Borg þar sem nefndarmenn snæddu jólahlaðborð og gengu síðan til fundar í húsakynni ráðuneytisins í Lækjargötu.

DAGSKRÁ FUNDARINS

Fundargerð 21. fundar með smávægilegum breytingum.

Drög að fundargerð 21. fundar lesin upp og samþykkt með smávægilegum breytingum og þeim fyrirvara að dagskráratriðum sem frestað var á fundinum og fram koma í fundargerð verði tekin fyrir síðar í framhaldi af því. Nefndin óskar eftir að ritari ítreki óskir sínar við Vegagerð ríkisins sbr. bréf hennar dags 29. september um að Breiðafjarðarnefnd fái í hendur umbeðnar rannsóknarskýrslur.

Fundur með ráðherra.

Þú greindi frá fundi 20. október 2000, þar sem hann og ritari nefndarinnar áttu með ráðherra varðandi málefni Breiðafjarðarnefndar.

Forgangsröðun Verndaráætlunar Breiðafjarðarnefndar

Nefndarmenn fóru yfir innsent bréf ÆP dags 17. október 2000 til nefndarmanna þar sem listuð eru upp verkefni úr Verndaráætluninni í forgangsröð. ÆP dreifir blaði um viðurkennda "flokkan vistgerða" aðferðafræði sem notað er í dag til að vinna umhverfismat og nota mætti við skipulag Breiðafjarðar í þessa veru. Nefndarmenn yfirfóru forgangslistan og skiptust á skoðunum. Nefndarmenn urðu sammála að nota forgangslista ÆP, forgang 1, færa liði 1.2 og 1.3 endurskoðun laga saman og taka út lið 3.2.1 fornleifaskráning.

Ritari tók að sér að setja saman greinargerð úr Verndaráætluninni fyrir forgang 1.

Nefndarmenn skiptu með sér að fara yfir væntanlega greinargerð eftir verkþáttum:

ÆP yfirfer náttúrufarsþætti greinargerðarinnar.

GP yfirfer varðandi ferðaþjónustu og umhverfisfræðslu og umræðu um Heimsminjalistan í greinargerðinni.

ÞH yfirfer lög og reglur og skipulagsþætti greinargerðarinnar.

MS yfirfer menningarmínjar greinargerðarinnar.

Formaður gengur frá bréfi sem senda megi með forgangslistanum til ráðuneytisins.

Nefndarmenn sammála um að endanleg drög að bréfi til ráðuneytisins vegna

forangangsröðunar Verndaráætlunar Breiðafjarðar muni liggja frammi á næsta fundi.

Innsend erindi.

Heilbrigðiseftirliti Vesturlands dags 13.10.2000, um kræklingarækt Sæblóms ehf, Hofstaðavogi, Helgafellssveit.

Nefndarmenn sammála tillögu ÆP að óska eftir að inn í drög að starfsleyfi lið 3.2. verði bætt við fuglalífi.

Nefndarmenn sammála um að óska eftir því að komi til útgáfu endanlegs starfsleyfis síðar meir þá fái Breiðafjarðarnefnd erindið til umsagnar. Samhliða þessu gerir nefndin athugasemdir við að hafa ekki fengið sent til umsagnar kræklingarækt Sæblóms ehf í Kolgrafafirði.

Önnur mál.

Nefndarmenn létu í ljós vilja sinn um að Verndaráætlun Breiðafjarðar yrði síðan sett inn á heimasíðu ráðuneytisins almenningi til upplýsingar.

Formaður vék að áður frestuðum dagskrárliðum 20. fundar nefndarinnar.

Drög að reglum Breiðafjarðarnefndar vegna húsbygginga á verndarsvæðinu. Nefndarmenn vilja vekja athygli sveitastjórna á að liggi ekki fyrir deiliskipulag á viðkomandi stað þá þurfi umsögn Breiðafjarðarnefndar á fyrirhuguðum byggingum. Nefndarmenn sammála um að bréf verði sent byggingarfulltrúum og sveitarstjórnnum á svæðinu. Bréfitun þessari er frestað til næsta fundar enda muni þá vinnureglur um byggingu húsbygginga á svæðinu liggja fyrir.

Stagley.

Afla gagna fyrir næsta fund um allt það er snýr að eygni og þeim afgreiðslum sem nefndin hefur þá þegar gert.

8. Starfsaðstaða nefndarinnar.

Formaður fór yfir stöðu mála og nefndi samtöl sín við Rögnu Ívarsdóttur formann stjórnar Náttúrustofu Vesturlands. Einnig nefndi FP að hann hefði viðrað áhyggjur sínar þessa efnis við ráðherra.

GP tók að sér að ræða við forsvarsmann Sæferða ehf, Kristján Jónsson varðandi stöðu á leyfi þeirra til siglinga um Breiðafjörð. (*Fundur var í ráðuneytinu í sept. með forsvarsmönnum Sæferða og formanni villidýranefndar. Málið er í farvegi*)

**Næsti fundur fyrirhugaður föstudaginn 24. nóvember kl: 10:00 í Vonarstræti.
Fundu slitið kl 15:30.**